

Tumastafir 1986.

1. Vöxtur og brif triágróðurs.

1.1. Laufgun og lauffall birkis.

Laufgun birkiskjólbeltanna hér í gróðrarstöðinni á Tumastöðum sem eru af Bæjarstaða stofni var 24. maí og er það nokkuð fyrr en á undan förnum árum.

Lauffall var 28. september, alaskaösp var á sama tíma búin að fella lauf.

1.2. Vöxtur.

Vöxtur á sitkagreni var mjög góður í ár. Árssprotar voru mældir á sitkagreni í belti sunnan við umdæmisbústað og voru mældir 6 árssprotar voru 3 sprotar 75 cm., 1 var 73 cm. og 2 árssprotar 70 cm., aftur á móti mældist 89 cm. árssproti árið 1985 og nokkrir um 80 cm. Árssprotinn sem var 89 cm. var dauður árið eftir eða í vor.

Stafafura á sama stað og sitkagrenið mældist lengsti sprotinn 43 cm.

1.3. Erefall.

Safnað var ofurlitlu af birkifræi, eins var safnað nokkuð af kónglum af sitkagreni í aðal skjólbeltinu sem vaxið er upp af fræi sem sáð var 1959 af ísl. kvæmum.

1.4. Skaðar.

Nokkuð þar á sitkalús hér í gróðrarstöðinni um alla gróðrarst. og var hún öll sprautuð, eins var lúsin í lývældislundinum og eldri gróðursetningum og var allt sprautuð hér um miðjan ágúst.

Múlakotesstöðin var sprautuð síðast í apríl en þar var þá mikið af sitkalús á þeim tíma.

Tungugirðing var öll undirlögð af sitkalús og var hún öll sprautuð.

2. Starfsfólk.

3. Girðingar.

Farið var með girðingun og gert við þær. Girðingin við Stóra-Kollabæ er orðin ónýtt og þarfnast viðgerðar á næsta ári.

4. Skógarhögg.

Skógarhögg er ekki stundað hér að þóruleiti en því að höggvín voru 9 sitkagreni tré um jólaletið og seld tréin voru 5-7 m.

5. Gróðrarstöð.

5.1. Fræiplöntur.

Sáð var 4,078 kr. af fræi með undir gler samtals 282 m². og 37 bakka (35). Fræið spíraði mjög vel og því þéttleikin góður við talningu reindust 1/0 plöntur vera 360.732 stk. eða að 1.280 plöntur á m² að meðaltali.

Um 2/0 plöntur er það að segja að þær sé smáar og fara allar í móband og verður því ekkert af dreifsetningu í með á venjulegan hefðbundinn hátt.

5.2. Dreifplöntur.

Dreisettar voru 218.374 stk. af skógarplöntun hér í gróðrarstöðinni og skiptist hún þannig 104.174 pl. í með á hefðbundin hátt, 93.704 pl. í móband og 20.496 pl úr fjölp. í hrauðuplast bakka (24).

5.3. Garðplöntur.

- 5.3.1. Stungið var í beði 179.576 stk. af viðigræðlingum.
5.3.2. Stungið var í bakka og fjölbakka 12.211 stk. af viðargræðlingum af ösp og ýmsum runnum.
5.3.3. Stungið var 8.581 stk. af sumargræðlingum af ýmsum tegundum runna.
5.3.4. Pottaðar voru 10.391 stk af ýmsum trjám og runnum til framhalds ræktunar.
5.3.5. Afhentar voru 84.568 stk. af garðplöntum þar með talinn viðir en hann var í miklum meirihluta eða samtals 65.022 stk.

5.4. Afhending skógarplantna.

- 5.4.1. Afhentar voru 169.229 stk. af skógarplöntum í ár og fór mesti hlutinn til skógræktarfélaganna og einstaklinga sem keyptu plönturnar og eins styrkplöntur.
5.4.2. Skógarplöntur til afhendingar að vori eru 206.978 stk. sem skiptast þannig, beðplöntur eru 100.875 stk. móbandsplöntur eru 92.353 stk. og fjölpottaplöntur eru 13.750 stk.

Nú er það svo að ekki var hægt að taka skógarplönturnar upp í haust vegna þess hvað frost kom snemma í jörðu og plönturnar frusu fastar, þetta veldur kostnaðar auka á næsta ári.

5.5. Illgresiseyðing.

Illgresiseyðing fór þannig fram að sáðbeði þessa árs voru sprautuð með terpentínu áður en fræbetta féll af og síðan handhreinsað.

Dreifsetningarbeði þessa árs voru sprautuð með gesatp og síðan handheinsuð og eins eldri dreifsetningarbeði.

5.6. Nýfrámkvæmdir.

Borin var mól í suma af vegum hér í gróðrarstöðinni en á því var full þörf magn tölu hef ég ekki.

5.7. Ymislegt.

Keypt var gróðurhús frá Finnlandi sem er 12 m. á breidd og 50 m. á lengd hæð undir menir er 6,3 metrar, gróðurhúsið er úr líntré og er með sjálfvirkun opnunarbúnaði einnig er vindhraðamælir sem lokar ef vindálag er of mikið, einnig er í stjórnbúnaðinum gert ráð fyrir sjálfvirkum vökvunarbúnaði.

Gróðurhúsið kostaði hingað komið 1.499.862,- kr.

Vonandi verður hægt að koma gróðurhúsinu upp á næsta ári og vonast ég eftir því að fjárveiting fáiast og að notað verði 2falt plast sem klæðing á gróðurhúsið.

5.8. Sala.

Sala plantna var með mesta móti sérstaklega á garðplöntum.

6. Gróðursetning.

7. Byggingar.

7.1. Viðhald.

- 7.1.1. Dyr og dyrakarmar í umdæmisbústaðnum voru hreinsaðir og síðan borin á þær tekkolía.
7.1.2. Gluggar í starfsmannabústað voru hreinsaðir og síðan málaðir.

8. Vélar og verkfæri.

- 8.1. Farið var yfir dráttarvélar og þær lagfærðar og gert við það sem úr lagi hafði gengið.

8.2. Að beiðni skógræktarstjóra létum við af hendi gamla dráttarvél Ld-202 af Ferguson gerð og fór hún norður í Laugabrekku í Skagaf. í gróðrarstöðina þar, eftir því sem við höfum frétt lítið sem ekkert notuð og er það slæmt því hér er full not fyrir hana á vor vertíð.

8.3. Hjólagrafa af gerðinni CASE 580F smíðað 1977 brann aðfaranótt 24. júlí til ósku. Farið var þess á leit við Landbúnaðarráðuneytið að það bætti stöðinni skaðan sem það og gerði bætunar úrú kr. 930.000,00 sem komu þannig 700.000,00 kr. frá Hagsýlu og svo keyptu Vélar og Þjónusta vélina á kr. 230.000,- til niðurrifs.

Í staðin var keypt CASE 580F 4X4 smíðað 1982 sem virðist vera vel með farin og í þokkalegu standi við endurnýjun var tekin sú ákvörðun að yngja upp hjólagröfuna og eins að hafa hana með drifi á öllum hjólum, af þessu leyddi nokkurn kostnaðar auka, hjólagrafan kostaði kr. 1.450.000,- og varð því kostnaðar aukin kr. 520.000,- auk þess var um leið keypt dekk og felgur sem fengust á góðu verði eða kr. 50.000,- til tvöföldunar á aftur hjólum svo hún fljóti betur í blautum mýrum, auk þess var keyptur gamal en lítið notaður ripper á kr. 23.000,-.

Endurnýjunar kostnaður vegna hjólagröfunar varð því kr. 593.000,- fyrir gróðrarstöðina sem hún gat fjármagnað vegna meiri plöntusölu en gert hafði verið.

Einkver kostnaður verður við að koma tvöföldunar búnaðinum við en það verður gert á næsta ári.

9. Ymislegt.

9.1. Á síðasta ári undir bjó Vegagerð ríkisins vegin heim í Tumastaði frá Fljótshlíðarvegi vegurinn er um 950 m. og í sumari var lagt á hann varanlegt slitlag og er það kostað af Skógrækt ríkisins að hluta hver kostnaðurinn verður veit ég ekki en þessar framkvæmdir hafa ekki verið gerðar upp.

Reynir Vilhjálmsson landlagsarkitekti gerði á árunum 1984-85 tillögu að skipulagi að bílastæðum og innkeyrslu í gróðrarstöðina ásamt aðkeyrslu að starfsmanna- og skógarvarðabústað, göngustígum og plöntusölu.

Á árinu var byrjað að vinna eftir skipul. Reynis grafið upp úr haðinu milli umdæmis- og starfsmannabústaðar einnig var grafið norðan við starfsmannab. og verkstæði og eins austan við verkstæði og kæli- og lagerhús svæðið sem grafið var upp og jarðvegurinn sem keyrður var burtu gæti verið um 1.500 m³ en svæðið er um 1.650 m² og mölin ca. 1.200 m³ þetta er að visu ágiskun en ætti að láta nærri.

Svæði austan við kæli- og lagerhús og verkstæðis sem er að flatarmáli 755 m. var klætt með varanlegu slitlagi og er óupp- gert við Vegagerð ríkisins.

Innkeyrslunni í gróðrarstöðina var breytt savkvæmt tillögu Reynis vilhjálmssonar.

9.2. Um 10 hekt. í landi Stóra-Kollabæjat voru plögðir með plög Skógræktar ríkisins land þetta er vestan við fjallgarðin við Seylugil og var mjög blautt.